TÆKNIFRÆÐINGUR:

Sauðárkrókskaupstaður óskar eftir að ráða tæknifræðing til starfa frá 1. maí nk. Nánari upplýsingar veitir bæjartæknifræðingur í síma 95-5133.
Umsóknir sendist undirrituðum fyrir 20. apríl nk.

Bæjarstjórinn á Sauðárkróki.

HÖFUM FLUTT SKRIFSTOFUR

okkar úr Hafnarhúsinu í Ánanaust 15, Reykjavík. Símanúmer okkar verður óbreytt

11570.

BERNH. PETERSEN.

FYLKIR — FRÚARLEIKFIMI

Fimleikadeild Fylkis býður upp á leikfimi og gufu í Árseli á mánudögum kl. 20.00 og miðvikudögum kl. 20.00. 6 vikna námskeið á kr. 600.00.
Gott fyrir þær sem vilja losna við páskagrömmin og þær sem vilja verða enn glæsilegri í sumar.
Innritun í síma 75130 og 21190, Vilborg.

Fimleikadeild Fylkis.

HAPPDRÆTTI BLINDRAFÉLAGSINS

Dregið var 11. apríl.


Vinningsnúmer eru þessi:

34976, 396, 27830.

Blindrafélagið,
Samtök blindra og sjónskertra
Hamrahlíð 17.

Smáauglýsingadeild **DV**


verður opin um páskana sem hér segir:



Miðvikudag 18. apríl kl. 9—18.
Skírdag til páskadags LOKAÐ.
Mánudag 23. apríl (2. í páskum) kl. 18—22.

Auglýsingin birtist þá í fyrsta blaði eftir páska — þriðjudaginn 24. apríl.

Ánægjulega páskahelgi



DV

SMÁ-auglýsingadeild,
Þverholti 11 — Sími 91-27022.

KJÖRINN FÉLAGI

Úrval

ÁSKRIFTARSÍMINN ER

27022

Menning Menning Menning

LANDSLAG OG HUNDALÍF

— um sýningu Baltasars

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

Nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum málverkasýning á myndum eftir Baltasar. Sýningin er opin daglega frá kl. 14—22 fram til 23. apríl.

Fiff og flinkheit

Baltasar er spænsk-íslenskur listmálari sem verið hefur búsettur hér á landi í fjöldamörg ár. Hann hefur þó auðsýnilega hlotið listmennt sína í hinum spænska listheimi. Býr listamaðurinn yfir þokkalegri tæknikunnáttu og virkar oft flinkur í meðferð lita. En fiff og flinkheit eru langt frá því að vera nægileg til að skapa megi raunverulega list.

Skipta má málverkunum að Kjarvalsstöðum í einar þrjár myndgerðir. Fyrst er um að ræða afbrigði af landslagsabstraktion þar sem listamaðurinn dregur upp frumdrætti náttúrufyrirbrigða og snýr síðan út úr teikningunni með, að er virðist, tilviljunarkenndri pensilskrift. En í raun er listamaðurinn aðeins að sýsla með listsögulega skráðan stíl sem hann nær ekki að gæða persónulegu inntaki. Árangurinn er því afar yfirborðslegt landslagsmálverk í abstraktbúningi. Í hinni raunverulegu landslagsabstraktion virkar málverkið hins vegar þannig að landslagið virðist vaxa út úr abstraktmyndgerðinni meðvitað sem ómeðvitað. Og að áhorfandinn skynjar samruna fyrirmyndarinnar og myndskriftar listamannsins. Listaverkið verður syntesa (samtenging) á náttúrufyrirbærinu og upplifun listamannsins.

Nektarmyndir

Önnur myndgerðin eru nektarmyndir listamannsins sem minna óneitanlega á þann götuiðnað sem er vel þekktur meðal málara í Evrópu. Modelið er dregið upp á léreftið eftir settum reglum en fær að öðru leyti enga umfjöllun hjá listamanninum. Náskyld myndgerð eru svo hundamyndirnar, natúralískar myndir af hinum viðkunnanlegustu seppum. Góðar eftirhermur sem hafa þó ekkert að gera með list. Þetta myndmál, eins og það kemur okkur fyrir sjónir hér á sýningunni, var búið að vinna til hlítar um miðja 19. öld og er nú gjarnan notað í iðnaði, t.d. til að skreyta konfektkassa!

Þriðju myndgerðina hefur listamaðurinn svo fengið að láni hjá Goya. Og er það vel til fundið að taka þann merka listamann til fyrirmyndar en því miður standast málverk Baltasars á engan hátt nokkurn samanburð við málverk meistara Goya. Þessi tileinkun vitnar fyrst og fremst um hugmyndalega fátækt listamannsins. Og þar erum við komin að kjarna málsins. Það sem listamanninn virðist skorta er umfram allt hugmyndalegur grunnur, einskonar gangverk í málverkið sem gæfi því um leið dýpri merkingu. Hér er ekki tekist á við neinar list- og myndrænar spurningar, hér gerist allt á yfirborðinu, strigafletinum sem málarinn verður að fylla út!

Hærri lágmarkskröfur á Kjarvalsstaði


Það er langt um liðið síðan listunnendur hafa orðið vitni að jafnmikilli lágkúru og meðalmennsku í sýningarsölum Kjarvalsstaða. Myndverk Baltasars falla á engan hátt undir listræna sköpun, heldur fremur undir faglega handmennt, fiff og flinkheit. Hér skortir fullkomlega alla sjálfsgagnrýni og persónulega undirstöðu til að standa á í málverkinu. Það virðist svo sannarlega vera kominn tími til að aðstandendur Kjarvalsstaða taki upp lágmarkskröfur um listrænt gildi þeirra verka sem fara inn í sýningarsalina.

GBK

VARÚÐ!

Steypuframleiðendur bera enga ábyrgð

Kjallarinn



JÓN SIGVALDASON

BIFREIÐASMIÐUR

Það gladdi mig mjög þegar ég sá kjallaragrein í DV miðvikudaginn 4. apríl sl., skrifaða af Gísla Jónssyni prófessor. Greinin var um bótarétt steypukaupanda og þar fjallaði um dóm sem kveðinn var upp í Hæstarétti hinn 27. júní sl. Greinin gladdi mig fyrst og fremst vegna þess að ég var annar aðili þeirrar deilu. Hinn aðilinn var Steypustöðin hf. í Reykjavík. Það urðu sem sagt örlög mín að mestöll steypa sú sem ég keypti frá þessu fyrirtæki á árinu 1962 til að steypa upp hús mitt reyndist vera orðin gjörónýt 14 árum seinna, þ.e.a.s. galli steypunnar kom ekki í ljós fyrr en þá.

Eins og allir Íslendingar vita og þekkja til, þá er húseign eða íbúð oftast afrakstur heillar starfsævi hverrar meðalfjölskyldu. Oftast er íbúðarhúsnæði fjölskyldunnar hennar eina eign og haldreipi í tilverunni. Það er hlutskipti flestra Íslendinga að basla árum og áratugum saman til þess að koma yfir sig húsnæði. Menn geta því ímyndað sér þá stöðu mína og hvers sem er þegar í ljós kemur að sjálft undirstöðuefnið í húsinu, steinsteypan sjálf, sem á að endast nokkra mannsaldra í það minnsta, grotnar niður á nokkrum árum.

Sannfærður um bótaskyldu

Ég var svo sannfærður um bótaskyldu Steypustöðvarinnar hf. í þessu máli að ég var staðráðinn í því frá upphafi að krefjast bóta, með aðstoð dómstóla ef ekki vildi betur. Þess vegna var frá upphafi lögð gífurleg vinna í athuganir og rannsóknir á ástandi steypunnar. Steypan var send til efnagreiningar erlendis. Hún var skoðuð og metin af dómkvöddum sérfræðingum og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins rannsakaði hana eftir bestu getu. Niðurstaða allra þessara aðila var sú að umrædd steypa væri stórlega gölluð frá hendi seljanda og framleiðanda steypunnar, Steypustöðinni hf. Mál þetta vannst fyrir undirrétti. Þar var Steypustöðin hf. dæmd til að greiða mér háar skaðabætur byggðar á mati hinna dómkvöddu matsmanna. En málinu var áfrýjað og Hæstiréttur Íslands komst að annarri niðurstöðu. Niðurstöðu sem þyddi fyrir mig sjálfan að ég yrði að bera hið gífurlega tjón sjálfur en fyrir alla aðra húsbyggjendur þýddi hún þann boðskap að steypuframleiðendur á Íslandi þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því hvað þeir settu í steypuna. Hæstiréttur Íslands komst sem sagt að þeirri niðurstöðu að steypan væri stórlega gölluð frá hendi framleiðanda hennar og seljanda en vegna ákvæðis 54. gr. kauplaganna bæri steypuframleiðandi ekki ábyrgð lengur en í eitt ár.

Þessi niðurstaða er auðvitað algerlega óviðunandi. Hún er að mínu áliti röng. Hún er háskaleg og hún er ekki í nokkru samræmi við eðli máls og þá gífurlegu hagsmuni sem hér eru í spili.

Eins og þeir þekkja sem nálægt húsbyggingum hafa komið, þá er algerlega útilokað að steypugalli komi fram innan árs. Steypa er jafnvel ekki þornuð almennilega á þeim tíma og þess vegna útilokað að hægt sé að koma við kvörtun eða verða galla yfirleitt var á þeim tíma. En það er einmitt uppistaðan í lausafjárkaupalögunum, eins og mér telst til að lögfræðingar skilji þau almennt, að gera þá kröfu til kaupanda lausafjár að hann skoði vöruna sem hann er að kaupa og beri fram kvörtun án ástæðulausrar tafar, verði hann þess var að vörunni er áfátt. Í síðasta lagi ber honum að kvarta innan árs. Þetta getur átt við um flestallt lausafé og er eðlileg og sjálfsögð regla. En þetta getur ekki átt við um steypu.

Hverjar eru afleiðingar hæstaréttardómsins?

Ég átti satt að segja von á því að Hæstiréttur Íslands tæki tillit til þessa sérstaka eðlis steypu og hengdi sig ekki í afgamlar og augljóslega rangar lagareglur. Ég átti satt að segja von á því að sanngirnin og réttlætið sigraði í þessu máli. Ég trúði því að svo augljóslega gölluð steypa og hið vítaverða kæruleysi sem fram kom við gerð hennar af hálfu steypusalans yrði mér nægjanlegt til að koma ábyrgðinni á hendur Steypustöðinni hf. Aðeins einn af dómendum Hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að ársfresturinn í kaupalögunum gæti ekki átt við í steypukaupum. Allir aðrir hengdu sig í umrædda lagagrein. Afleiðingarnar eru hrikalegar. Þær eru svo alvarlegar fyrir alla íslenska húsbyggjendur sem á annað borð treysta sér eftir þetta til þess að nota steinsteypu að ég reiknaði